

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**  
**nr. 5/94**  
**frá 8. febrúar 1994**  
**um breytingu á bókun 37 og VII. viðauka við EES-samninginn**

94/EES/1/05

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

*með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir EES-samningurinn, einkum 98. og 101. gr.,*

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

*Í annarri samþykkt vegna bókunar 37 við EES-samninginn er gert ráð fyrir því að samræmingarhópi um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum á æðra skólastigi (tilskipun ráðsins 89/48/EBE) verði bætt við skrána í bókun 37. Nauðsynlegt er að breyta VII. viðauka við EES-samninginn til að tilgreina tilhögun aðildar.*

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

**1. gr.**

Eftirfarandi komi aftan við 8. lið bókunar 37 við EES-samninginn:

„9. Samræmingarhópur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum á æðra skólastigi (tilskipun ráðsins 89/48/EBE)“.

**2. gr.**

VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) er breytt sem hér segir:

Í liðnum A. Almennt kerfi komi eftirfarandi ákvæði aftan við 1. lið (tilskipun ráðsins 89/48/EBE):

„Tilhögun samstarfs varðandi Austurríki, Finnland, Ísland, Noreg og Svíþjóð í samræmi við 101. gr. þessa samnings:

Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð mega tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til að taka þátt í verkefnum

samræmingarhóps um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum á æðra skólastigi er um getur í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/48/EBE.

Framkvæmdastjórn EB skal með hæfilegum fyrirvara tilkynna þátttakendum um fundardaga hópsins og senda þeim viðeigandi skjöl.“

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1994, að því tilskildu að tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 8. febrúar 1994

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður  
N. G. van der Pas

Ritarar sameiginlegu EES-nefndarinnar  
P. K. Mannes                      M. Sucker